

Reykjavík 13. janúar 1994

Hr. borgarstjóri
Markús Örn Antonsson

Bréf þetta er ritað því til staðfestingar að eftirtaldir munir, sem upphaflegu voru í eigu tengdaföður míns Sigvalda S. Kaldalóns (1881-1946) tónskálds og sem kona mín Selma Kaldalóns (1919-1984) erfði, eru hér með færðir Reykjavíkurborg að gjöf.

Munirnir sem hér um ræðir eru eftirtaldir:

- I. Flygill Sigvalda er nokkrir sveitingar hans í Norður-Ísafjarðarsýslu gáfu honum á síðari hluta þess tímabils sem Sigvaldi var læknir í Nauteyrarhéraði (1910-1921). Frásögn af tildrögum þess að sveitungar Sigvalda gáfu honum flygilinn er að finna í *Bókinni um Sigvalda Kaldalóns* eftir Gunnar M. Magnúss (Skuggsjá 1971, s. 130-132).
- II. Brjóstmynd af Sigvalda eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal.
- III. Göngustafur, skreyttur af Guðmundi frá Mosdal. (Gefinn Sigvalda af Æðeyjarsystkinum).
- IV. Hvaltönn útskorin af Ríkharði Jónssyni myndhöggvara. (Gefin Sigvalda 60 ára).

Gjafir þessar eru gefnar í þeirri von að þeim verði komið fyrir í safni á vegum Reykjavíkurborgar þannig að tryggt sé að minningu tónskáldsins Sigvalda S. Kaldalóns verði haldið á lofti.

Fyrir hönd erfingja Selmu Kaldalóns



Jón Gunnlaugsson

Óskráð
Gjafir '94
21 JAN 1994